- svartnætti**, n., *den mørke Nat, Natmulm*: Hann gékk langt og þvert um grasgarðinn í svartnættinu (Eint. 73b₂₆). svo sem þú sofandi hvilir og forðist ólukku og voða svartnættisins (192b₁₆).
- svefnbúrssveinn**, m., *Kammer tjener*: Rekkjukonor ok svefnbúrssveinar bjuggu ok

- gerðu rekkju brúðarennar (Str. 21₃₆).
- svefnker**, n., *Drikkekar el. Glas, som indeholder Sovedrik*: Frú Serena biðr Teclam at gefa þeim s. (Cl. 13₄).
- svefnmál**, n., *Sovetid*: En es at svefnmáli kom, þá vas Benedictus í stöpli nekkverjom ovarla (L. 119₂₀ = Hms. 1, 219₂).
- svefntíð**, f., *Sovetid*: ok er s. kom, var Benedictus ofarla í stöpli nökkurum (Hms. 1, 177₂₂).
- svefntími**, m., *Sovetid*: Svefntímar hans vóru eigi langir á nóttina fyrir þjónkan fá-tækra (Thóm. 323₂₀). Ok er s. var kominn, þá er Jóhannes guðs maðr komandi fyrir sýn (Hms. 2, 343₉).
- svefnugr**, a., *sövnig*: Hann var s. ok fastaði lítit (Hms. 2, 232₉).
- svefnþunga**, a., *betyngt af Sövn*: Pétr ok þeir er vóru með honum vóru mjög s. (Lúk. 9,3₂).
- svefnþurfandi**, p., *som trænger til Sövn*: Þeir vóru enn þá veykir, sorgbitnir og s. (Eint. 70₂₃).
- sveia** (a), *raabe Vé over en*: Þeim sveiar Krístr so segjandi: Vei þeim manni, fyri hvern þat hneykslunin kemr (Marg. Ccij₂₁₆).
- sveið**, f.(?), *Tumlen, voldsom Bevægelse*: Hestrinn gørist órór, er hann sér önnur hrossin, ok í sveiðum hestsins fellr niðr øxin ór hendi honum (Sturl. 1878, 1, 21₃₁).
- sveinpiltr**, m., *Dreng*: Hér riðr einn s. xvij. vetra. (Fs. Suðr. 201₂₃).
- sveipr**, m., *Hovedbedækning, Hovedtøj*: Sér hann þar til þerris úti kyrtíl hús-freyju ok sveip (ÍÆ. 90₁₄₅).
- sveitalækr** (-jar), m., *Ström af Sved*: Bliknaði andlit þeira ok runnu sveitalækir af þeim (Hms. 2, 322₃₄).
- svelgr**, m., *Slughals, Æder, Fraadser*: Djarfr ert þú, kvað hann, hinn gráðugi s. (El. 61₉).
- svena** (a), *svinde, hensvinde*: ok svenar allr þroti þjóta-anda hafs (Sp. reg. 63₁₆).
- svinging**, f., *Berøvelse*: s. guðligra ástgjafa (Marg. Fijj 2₃).
- svik**, n., *Svig; Forræderi*: sekr krossfestingar eða þess versta sviks (Hms. 2, 404₁₈). Minst þú ins fyrra sviks (575₁₂).
- svikaforkr**, m., *svigagtig Stok*: Styrkliga veikt þú vagn-

inum, at ranglætishirzlan ok svikaforkrinn skyldi sundr brotna (Hms. 2, 138₂₁).

svikamaðr, m., *Bedrager*: Hann rekr alla svikamenn ok illskupjóð ór landinu (Gyð. 40₂).

svikligr, a., *svigagtig, bedragerisk*: Hér með hefir ek afneitat í mínu hjarta öllum prettligum listum ok svikligum fjandans verkum (Ps. 576₂₈). fyrir svikliga hafnan háleitra guðs boðorða (647₂₉). Vér nánum aldri forneskju svikligrar flærðar (Hms. 2, 106₂₀). sviklig auðæfi (I. 195₄₁).

svikráð, n., *Forræderi*: ok er í gullinu sá steinn, er þú þarft eigi að óttast galdra, né eitdrykk, né s. (Fs. Suðrl. 197₄₃).

sviksamr, a., *svigefuld, bedragerisk*: er verið hafði lærisveinn hins sviksama Simonis (Ps. 79₅). Allir menn eru sviksamir (Msp. F 6₁₃).

sviksemðarflekk, m., *Forræderisplet*: Hann þikkist ævinlegan sviksemðarflekk á alla oss fœra (Thóm. 103₁₇).

svimma (svimm, svamm, summum, sommit), *svømme*,

flyde: Nú er þat margra manna mál, at Ólafr konungr hafi støyft af sér brynjonni sinni í kafi, ok sommet siðan til Vinda-snekkjonnar (ÓT. 1853, 68₃₁). Gröfin er full af oleo, svá at beinin s. í niðri (Hms. 2, 149₂₇).

svinahirðir, m., *Svinehyrde*: Enn sá hann of dag svínahirpe í skinnfötom (Hms. 1, 568₁₄). Lítir þú í fjórða part þessa glers, sýnist þú sem einn ljótr s. (S. þög. 50₁₀).

svinalið, n., *Svineflok, Svinehjord*: Því var líkast til at jafna, sem þá er vargr kemr í sauðaflokk eða villigaltr í s. (Trist. c. 4, AnO. 1851, 18₆).

svinka (a), (*oldeng. svincan, udføre, virke, arbejde paa*): Meðr því at almáttigr guð vill hefta Jamund at gera skaða á sínum sauðum, vill hann ok tálma hans trollskaþ um tíma ok láta fréttu þat sem hertogi Girarð hefir svinkat (Km. 192₃₀). Jarl lét þegar at s. (*lod lage fat paa Arbejdet, skride til Udførelsen af Foretagendet*) um nóttina. Hann lét búa skip sín, sem hann komst við (Fs. Suðrl. 53₄).

svinnr, m., *Forstand, Kløgt*: Áki snýr nú á svinn ráðinu (*tager nu en kløgtig Beslutning*), ok biðr sér konu einnar, hirðmanns dóttur (Fs. Suðrl. 15₁₀).

svipillr, a., *med en barsk Mine, barsk af Udseende*: Sér hún einn jötun stóran, svartan ok svipillan (S. þög. 88₁).

svipligr, a., *pludselig*: Hinir fjórir synir Styr's druknuðu af skipi í Borgarfirði með svipligum atburð í hvirfilvindi allir í einu (Bs. 2, 606₁).

svipsinnis, adv., *med uforrettet Sag*: Lát mig ekki s. frá þér fara (Msp. E₃₁₄). Þótt dárinn færi s. (*kom tilbage med uforrettet Sag*), þikkir þeim engi smán í (ÍÆ. 83₃₅).

svirbeygja (i) (sviri, *Hals*; beygja), *böje ens Hals*: Svirbeygt hefi ek nú þann, er rikastr er með Svíum (SE. 1, 398, v. l. 11).

svæla (i), *lade gaa op i Røg (in fumum vertere)*; s. út, *bortedsle*: hverr út hafði svælt sínu góðsi (Lúk. 15₃₀).

svörugr, a., = svörull, *fripostig, gjenstridig*: þat þeir sé sínum dróttnum undir-

gefnir ok í öllu viljugir, veri eigi svörugir (Tít. 2,9).

syfjan, f., *Søvnighed*: Hann segir ok aldri mér í mót, hvárt ek eggja hann til athugaleysis bœnahalds, eða syfjanar um sálma-søng (Hms. 2, 545₁).

syfta (i), = svifta, *berøve*: monop er þá syptir riddaratign (Hms. 2, 211₂₃).

sykeri. m., = svikeri, svikari, *Bedrager*: Þú lézt eigi sykera geta véltan mik (Hms. 2, 433₃).

sýkva, = svikja, *bedrage*: Nágrannar þínir s. höfþingja þína (Hms. 2, 237₁₀).

syndabrotsmaðr, m., *Synder*: Soddan syndabrotsmenn þeir finna Christum einn náðigan herra (Summ. 1, Gij₃₄).

syndadjúp, n., *Syndedyb, Syndens Afgrund*: Tortaldir drógust aftr ór sjálfu syndadjúpinu (Hms. 2, 364₃).

syndafang, n., *Syndeskeyld*: Mörgom verþr auragnótt at synþafangi (L. 67₂₃).

syndafullr, a., *syndefuld, syndig*: Hverr er þinn lifnaðr með syndafullu ok breysku kjöti? (L. 193₃₃). at ek skylða binda mik í hjúskap syndafullan (Hms. 1, 442₁₂).

syndagjald, n., *Syndestraf*: svá at í sínu syndagjaldi (*til Straf for deres Synder*) kemr þeim annarr ófagnaðr (Mar. 213₂₀). Sá vér síðar á þetta hervirki, er vér trúum vóra menn þol-at hafa í sitt s. (Hms. 1, 548₅). kemr yfir borgina fyrir s. mikit ok fáheyrtr áfelli (2, 60₂₄). Á nökkurum tíma kemr fyrir s. mannanna svá öflugt hungur ok hallæri inn í Liciam, at (107₂₂). Hann týndi fyrir s. einga syni sínum í miðju hafi (132₂₅).

syndalif, n., *syndigt Leved*: Þeir vóru í syndalífi getnir (ÍÆ. 36₁₀).

syndari, m., *Synder*: Fyrir eins manns óhlýðni eru allir menn syndarar orðnir (Eint. 98b₂₄). Hann biðr ekki alleinasta fyrir syndorunum (Gerh. Gvj₆).

syndasaurr, m., *Syndens Smuds*: Guð sendi spámennt sína, at þeir leiddi mannkynit frá syndasauri (Hms. 2, 231₁₈). Kristur þó oss í skírnavatni af syndasauri (231₂₃).

syndavatn, n., *Syndevand, Sonevand*: Þú skalt stökkva syndavatninu á þá (4. Mós. 8,7).

syndblandinn, p., *syndbesmittet*:

Forðaðist þessi guðs maðr sem eitrit sjálftr allar syndblandnar návistir kvennanna (Hms. 2, 79₅).

syndbrotsmaðr, m., *Synder*: Hvar fyrir skyldi eg þá eftir þat sem annarr s. dæmðr verða? (Róm. 3,7).

syndga (a), =syndgast, *synde*: Þótt þú giftist, syndgar þú ekki (1. Kor. 7,28). að eg varðveiti þitt orð í mínu hjarta, so eg syndgi ekki í móti þér (Eint. 57b₃).

syndlaust, adv., *uden Synd, uden Brøde*: Þú mátt mik s. drepa (Trist. 91₁₄).

syndligr, a., *syndig*: Ek biðr miskunnar fyrir drauma syndliga (L. 184₂₁).

syndsamligr, a., *syndig*: syndsamligt æði, *syndig Natur* (Marg. Fiiij₂₄). syndsamligar girndir (H. iiij₂₁₁). Syndina og syndsamligar tilteygingar vil eg forðast (Eint. 90₁₁).

syndsamr, a., *syndig, strafskyldig*: svo at syndin yrði yfir máta syndsöm fyrir boðorðit (Róm. 7,13).

sýra (i), *syre*: þar til at þat sýrðist alt (Lúk. 13,21). Lítið súrdeig sýrir alt deigit (1. Kor. 5,6).

syrkót, n., (*eng. surcoat*), *Overkjole*: Mœtir þú öðrum,

gef honum syrkótit (IÆ.
10₄₇)

Sýrland, n., *Syrien*: Borg heitir Edissa á Sýrlandi (Hms. 1, 24₁). í þeiri eyðimörk einni, er liggur við S. (2, 185₂₇). Einn egipzkr bróðir kom einn tíma í S. (592₇).

sýrlenzka, f., *det syriske Sprog, Syrisk*: í þeim stað, er kallast Debathalia á sýrlenzku (Hms. 2, 301₂₁).

sýrlenzkr, a., *syrisk*: í stað þeim es kallask á sýrlenska tungu Debathalia (H. 203₃₂). girskir menn ok sýrlenzkir (Hms. 2, 592₁₂).

syruvers, n., *Vise, som man har nedskrevet i sin Notisbog* (syropa); *Tryllevers*: þar með söng hann s. (Fil. r. 1, 21₃).

sýsla (a), *forskaffe*: Ok hugsaði hann þá, at hann skal ekki (hafa) sitt líf, ef hann sýslaði ekki Ísönd, unnostu sinni, þenna rakka sér til skemtunar (Trist. 131₁₇).

sýslan, f., = sýsla, *Gjerning, Arbejde, Virksomhed*: Tungu-ann uppkeikir alla vora s. (Jak. 3₆). Hafði sancte Páll einnig sína s. (Marg. Q₂₁₀).

sýslanda, ger. n., (*elaborandum*): Of þat es oss s. (*det bør vi lægge Vind*

pa), at vér komim til eilífrar hótípar (L. 20₆).

sýslulíf, n., *det praktiske Liv*: Tvær systr trúfastar, þær er við dróttni tóko, merkja tvenn líf kristens lýðs; þat er sýslolíf ok upplitningarlíf (L. 154₂₃). Margar eru fjölskyldur heims, þær er mikla áhyggjo gera þeim, er í sýslolife þjóna guði (155₅).

sýtandi, ger. (*dolendus, lugendus*), *værd at sørge over, værd at begræde*: Sú sýn er harðla mjök s. (Hms. 1, 110₂₃). Var meir fagnanda enn sýtanda yfir hans framför (Bs. 2, 156₃₇).

sýting, f., *Sorg, Bedrøvelse*: eilífr hræzlo uggr ok s. grátsamlig (Mar. 12₂ = 351₄). þar er aldri kemr s., aldri hryggleikr (Ps. 731₃₃).

sæborg, f., *Søstad*: Þau kómu í s., þá er Askalena heitir (Hms. 2, 304₁₀).

sæbygð, f., *Søbygd, beboet Kyststrækning*: Viðast um sæbygðina voru menn kristnir (Hms. 2, 159₆).

sæði, n., *Afkom*: Alt það land, sem þú sér, vil eg gefa þér og þínu s. ævinliga (1. Mos. 13₁₅).

sægnipa, f., *Bjergspids el. Klippespids ved Havet*:

- Kom hann um síðir á sægnípu eina (Part. 3₁₈).
- sælda** (i), *sælde, sigte*: Beiddist hann (fjandinn) máttar at s. postolana eða hrista sem hveiti (Hms. 2, 647₃₂).
- sældarstaðr** (-ar), m., *lykkeligt Opholdssted*: En nú allz maþr enn varþ yferstiginn af spanningo fjánda, ... þá rak guþ hann á braut ór sælþarstaþnom (H. 169₁₇).
- sælgæti**, n., *Lækkerbidsken, Lækkeri; Nydelse, Behageligheder, Forlystelser*: Þeir halda fyrir s. dagligar kræsingar (2. Pét. 2, ₁₃). Vér sjáum hina óguðligu lifa út í alls kyns s. (Marg. Ffiiij₁₈). Þeir halda, að eftir upprisuna muni þeir lifa í lystingum og s. (ÓS. 191₂₂).
- sælgætigr**, m., *Vellystling*: eigi hórdómsmenn né sælgætigr (1. Kor. 6, ₉).
- sælgætisdagar**, m. pl., *behagelige Dage*: þat þú munir hér hafa eiga marga hœga sælgætisdaga (Corv. 2, 39b₂₅).
- sælgætismaðr**, m., = sælgætigr: þetta samtalið Abrahams við þenna sælgætismaðr (Corv. 2, 58₄).
- sælka** (a), *gjøre lykkelig*: sá er elskar hværn bróður sinn ok sælkar (Hms. 2, 604₆).
- sælleikr**, m., = sæla, *Salighed, Lyksalighed*: Fyrir því lærði oss várr lausnari hinn fyrsta sælleik af lítillæti (Hms. 2, 369₁₉).
- sællifr**, a., *hengiven til Velleved, overdaadig*: Honum verðr þungr sinn kviðar hungr ok hörmulig øreign, því öllu framarrí sem hann hafði áðr verit sællifari ok ríkari (Hms. 2, 693₁).
- sælliga**, adv., 1) *lykkelig, lykkelig*: þá sofnaði hon s. í guði (Hms. 1, 542₁₇). Margir eru nú í útlegðinni sælligr settir, enn þeir vóru áðr í sjálfs sins fóstrlandi upp fœddir (Thóm. 144₈). Stíg með mér s. upp til himinríkis (Mar. 985₁).— 2) *overdaadig*: Hann bað engan svá s. fœða holdit, at þat drambaði í gegn öndinni (Hms. 1, 813₅).
- sæluvist**, f., *saligt Ophold el. Opholdssted*: öllum léttir þinum / sætlig s. (Ljóm. 176. Bs. 2, 527).
- sængarherbergi**, n., *Søngeskammer*: Hér hjá þessu brauðhúsinu er s. Christi og kristinnar sálar (Gerh. Miiij₉).
- sæti**, f., = sæta, *Pige, Kvinde*:

Þessi kynnin koma til mín/
kurteis veldur s. (Herb. r,
4,4₂).

sættarboð, n., *Tilbud om Forlig, Fredstilbud*: Enn fyrir því at slík heitan fylgði sættarboðum af Óláfi konungi, þá var þetta kveðit (Fms. 6, 437₂₂). Sendi hann þá Ulixem ok Diomedem til Priamus konungs með sættarboðum (Trójum. c. 20, AnO., 1848, 50₂₆).

sækjandi, m., *Sagsøger, Anklager*: Enn ef sækjandi vill þat eigi, þá skal verjandi láta bera vætti þat í dóm fram, er hann bauð giørð byskops (Grg. Sb. 146₂₃). S. skal þann mann láta vita, er sök er á hendi, at honom er stefnt .iii. nóttom fyrir dóm eða meira méli (262₃). Í salti liggr sök, ef sækjendr duga (Js. 115₁₂).

sæmðarhæð, f., *Ærens Højde*: Svá fór Sathan frá s. sem hann verðskyldaði (Hms. I, 678₁₄).

sæmðarvænlig, a., *som giver Udsigt til Ære*: Sýnist þat vera munu sæmðarvænligt, at kynnast við svá mikinn höfðingja (ÍÆ. 17₃).

sænskr, a., =svenskr, *svensk*: menn danskir eða sønskir

eða norrænir (Grg. Sb. 338₁₁).

sæta, f., *Sødhed*: fyllandi herbergit með ilm ok sæto ok unaðsemð (Mar. 486₂₀). ok ef þeir hafa hegndarsprotann, hafi þeir þá ok sætu himnamjòlsins, þat er miskunn, með sér (Hms. 2, 512₂₃).

sæti, f., 1) *Sødhed*: sete krasa þera es menn hafa til selo í heimi her (AN. 246₁₁). Heilagr Helenus sagði svá síðan sjálfr, at þess konar ilm né s. hefði hann aldri kent (Hms. 2, 429₁). — 2) sæti mín, *min Sødhed, min kjære*: Hann segir svá: Grát eigi s. mín, vel mun verða (Bs. 2, 643₂). Guð mun ambona þér, s. mín (133₂₃). Hvat er nú, s. mín? (145₂₆).

sætleiki, m., *Sødhed*: þá er hugskotið hefir átekið afsmekk hins innra manns sætleika (L. 161₃₀). gleði, s., líf eilífligt (197₂₅).

sætleikr, m., *Sødhed*: Hvaðan kom tréno s. ok ilmr aldins, eða fegrþ laufs? (L. 21₁₇). Andar krásir mego eigi elskask, ef þær ero eigi hafpar, þvíat maþr veit eigi sætleik þeira, svá sem sálmaskáld-

- it mælir (48₂₂). Því er það auðsýnt, at hinn innri s. sezt í móti hinni innri munuð ok eftirlífi (161₃₃).
- söðultreyja**, f., *Sadelbom*(?): Flóvent hjó til heiðingjans, ok tók fjórðunginn af skildi hans ok niðr lærit við söðultreyjunni (Fs. Suðrl. 182₃₄).
- søgr**, m., = segi, *lille Stykke*: Meiri von er, at ek rífa þinn líkama allan í søgi í sundr (Trój. c. 24, AnO. 1848, 68₃).
- sögusveinn**, m., *en Dreng, der fortæller Historier*: Kongr einn hafði sér sögusvein, þann er hvert kveld var vanr at segja honum fimm sögur (ÍÆ. 66₂).
- sökun**, f., *Bebrejðelse*: Þá tóko helvítes búar við höfþingja sínom með s. mikille ok ávítoðu hann (Hms. 2, 6₂₄).
- sølr**, a., (*oldeng. salvig, l. fulvus, luridus; oht. salo, salaw, fuscus, furvus, ater niger; eng. sallow, gul., gusten, gulbleg), bleggul, gulbleg*: Sýndist reyndar sikling flest / sølt ok følt at líta (Konr. r. 6, 21₂).
- sömuleiðis**, adv., *ligeledes*: S. áðr enn það feita var upptendrað, þá kom prests-
- ins þénari til þeirra (I. Sam. 2, 1₁₅). S. tók hann kaleikinn (Eint. 32₁).
- søngari**, m., = söngmaðr, *Sanger*: Ek mun senda Davið með hörpu sína ok alla söngara himneskrar Hierusalem (Hms. 2, 633₁₄).
- sønghljóð**, n. pl., *musikalske Toner, Musik*: Hér fyrir bjóðum vér yðru bróðerni, . . . at þér leggit niðr s. í hverri kirkju alls yðvars byskupsdæmis (Thóm. 390₂₆). á þann hátt sem aspis skriðr út af sinni holu, ef hann heyrir fögr s. (Mar. 1117₂₉). S. staðarins snørust í sút ok grát (Gyð. 4₉).
- søngmaðr**, m., *Sanger*: Hann var enn bezt s. ok svá látinumaðr (Mar. 143₉ = 1076₇).
- søngra**(a), *upers., lyde*: þá söngraði í lokinu (*Laasen gav en Lyd fra sig*), ok síðan spratt upp hurðin (Fs. Suðrl. 23₄₁).
- søngraust**, f., *Syngestemme; søngraustir, Vokalmusik*: Þá girntumst ek ór hófi leikfæri ok söngraustir, enn nú hugsa ek sálma (Hms. 2, 656₁₀).
- søngvari**, m., = söngmaðr: Hvað dýrðarlig ert þú eilífa guðs borg, í hverri

þeir himnesku söngvarar syngja? (Msp. x4b₁).
sönnon, f., *Bevis*: Engi hlutr stendr nú á mót þessi s.

(L. 132₂₃). Skynsamlig s. eggjar hug minn til trú (139₃).

T.

taflspeki, f., *Kyndighed i Skakspil*: Mun öllum first fara um vit ok um t. (Fs. Suðrl. 9₄₇). Vélin drap nú riddarann, enn ei taflspekin (Rs. 187₉).

tafn, n., *Offer*: Þá var Hylas leiddr til Þórs hofs at ráði Valeriani jarls, ok hét þar miklu tafni (Hms. 2, 330₁).

táhreinn, a., (= tárhreinn?)
 1) *fuldkommen ren; lutter*: táhrein contradictio, þat er mótstaðlig ræða (Marg. Kij₂₅). táhrein náð ok guðs miskunnsemi (Corv. 1, 49₁₉).

taka (tek, tók, tókum, tekinn), *tage*; t. upp (*suscipere*), *overtage*, *foretage*, *paatage sig*: enn hitt þykkir mér gaman at fást við hestana, ok mun ek þat upp t. (S. þög. 43₁₈).

takanda, ger. n., *som bør taget*: Hvat er þá til ráðs t. (Gísl. 48₁₉). spyrjandi, hvat til ráðs er t. (Thóm. 119₆).

takmark, n., *Maal*: Lát þú Christum vera þitt t. (Gerh. Tvij₁₈).

táknan, f., *Betegnelse*: Smyrsi er hér ok til táknunar ok til hreinsanar (Hms. 1, 466₃₁).

táknsamliga, adv., *paa en vidunderlig Maade*: Enn er þeir vóru svá t. fœddir af einum hleif, þá gerðu þeir þakkir guði (Hms. 2, 29₁₁).

táknsamligr, a., *vidunderlig, overnaturlig (?)*: Nú er aðrir töluðu um táknsamliga hluti með myrkri ok djúpsettri skilning (Hms. 2, 480₁₄). *I den latinske Original*: Et cum sermo de rebus profundis et mysticis haberetur (480₃₈).

talanda, ger. n. (*dicendum*), *som bør siges el. omtales*: Margt ok mikit er þar af t. (Bs. 2, 166₄). at honum er enga lund talande meðr konunge, *at han paa ingen Maade maa tale med Konngen* (Thóm. 147₄). Nú er

talandi af fimtu grein draumanna (Hms. 2, 87₁₂).
tálgutól, n., *Tilskæringsredskab*: með sverðum ok saxknífum ok alls konar tálgutólum (Hms. 1, 34₁₃₆₋₄₀).

tállausliga, adv., *uden Svig; dygtig, fuldstændig*: Bróðirinn sagði hins meiri von, at hann létti eigi fyrr, enn hann hefði t. hefnt sín (Hms. 2, 573₉).

tálmalaust, adv., *uden Hindring, uhindret*: En þá megom vér t. ganga þessa göto, ef vér elskom með hreinom hug guþ almáttkan ok svá nóngana (L. 36₁₃).

tálsmaðr, m., *Efterstræber*: Þeir sendu út tálsmenn (Lúk. 20, 20).

tálsnara, f., *Snare, List, Bedrageri*: Hinir fornu fjandr hurfu jafnskjótt í braut, keyrðir með himneskum krafti, aldri síðan þorandi hans at freista með tálsnörum sinnar listar (Hms. 2, 36₃₁₂). Líka sem t. mun þessi dagr koma yfir alla þá sem á jörðu byggja (Lúk. 21, 35).

tandrauðr, a. (tandri, m., *Ild*), *ildred*: Hásætið var á miðju hallargólfi ok skínanda alt af tandrauðu

gulli (Fs. Suðrl. 95₃₅). Svo sýndist houum. sem þat væri alt gert með tandrauðu gulli ok sett gimsteinum (Part. 7₆). Hon sér nú, hvar loganda leónit fyrir tandrauðu gulli leiðir eftir sér landtjaldit af drekanum (Cl. 113₅₂).

tannagnistr, m., *Tænders Gnidsel*: Eftir þat liðit æpir hann í sinn annat með ógurligum tannagnist (Bs. 2, 87₂₃).

tannagnistran, f., = tannagnistr: Þar er vein og kvein, óp og t. (ÓS. 256₉).

tannvara, f., *Tandvare'*, *Hvalrostænder*: svartr safali, t. ok bjarnfeldir (Trist. 26₂=205₆).

tapan, f., *Fordærvelse, Odelæggelse, Tilintetgjørelse*: Mörg falsvitni munu þau finna móti henni, þó at hana skorti eigi hin, er sönn eru, til hennar tapanar (L. 192₁₇). Stórar bylgjur bjóða skjóta t. þeim litla farkost (Mar. 269₁₆).

tapel, n., *Taple*: Mannlíkan var mjök svá rétt, / hann markaði upp á t. svo slétt (Herb. r. 3, 33₂).

tappi, m., *Prop*: Tappinn smelli tómri á / tunnu

- Gauts, sem heyrast má (Konr. r. 7, 60₃).
- tárabrunnr**, m., *Taareström*: Enn svá mikill t. flaut ór augum hans, at klæði hans vöknuðu (Hms. 2, 253₃₄).
- táraðr**, a., *taarevædet, med Taarer i Öjnene*: Í annat sinn sýnist hann t. fyrir leiði Lazarus (Mar. 27₃₄).
- tárafelling**, f., *Udgydelse af Taarer*: Enn er hann skildist við England mælti hann með t. (Bret. c. 51, AnO. 1849, 140₂₆).
- táralækr (-jar)**, m., *Taareström*: Enn heilög mær hafði svo beðit af öllum hug, at táralækirnir féllu af borðinu (Hms. 1, 176₃₇). Sumir kasta sér upp á likamann ørendan, kyssandi ok í táralækjum döggevandi þann blezaða munn (2, 125₁₅).
- táraregn**, n., *Taareregn, Taareström*: Ok er heilagr Remigius helti út táraregni sínu, reisti hann upp ina önduðu mey (Hms. 2, 226₁₂).
- tárfall**, n., = *tárafelling*: Eg skrifaði yðr til með mörgum táföllum (2. Kor. 2, ₄). nær eg hugleiði þín táföll (2. Tím. 1, ₄).
- tárfeldr**, a., *taarefuld*: eftir margar táfældar bœnir (ÍÆ. 37₂₂).
- tárfelli**, n., = *tárfall*: Eg hefi dróttni þjónat með miklu t. (Post. Gj. 20, ₁₉).
- tárliga**, adv., *med Taarer*: biðjandi t. af instum hjartans mergjum (Hms. 2, 76₂₁).
- tármildr**, a., *taaremild, tilbøjelig til at græde*: Spurði hon, hví hundr hennar var svá t. (ÍÆ. 67₃₀).
- taufra** (a), (*holl. tooveren, oht. zoubarôn, t. zaubern, forhexe*): Hverr hefir taufurat yðr? (Gal. 3, ₁).
- taufraless**, a., *blottet for magiske Kunster*: Hann er eigi t. (S. þög. 58₂₂).
- taufrari**, m., (*holl. tooveraar, mnt. toverer, oht. zoubarâri, t. zauberer*), = *taufra-maðr, Trolldmand*: frillulifnaðarmönnum ok taufururum (Opinb. Jóh. 21, ₈).
- taumalag**, n., *Tøjlen, Holden i Tømme, Styrelse, Ledelse*: Hafði hon á hinum yngra aldri lifat eftir lystingum líkama síns, at slitnu taumalagi skýrlífis (Hms. 1, 51₄). Almáttigr guð gaf yðr í hendr t. þessarrar veraldar (2, 106₁₉). stjórnanði meðr góðu taumalagi þat hold, er henni var undirgefit (Ps. 58₅₂₀).

té, n., láta manni e-t í t., *yde, tilstaa, skaffe en noget*: So kann og enginn heldr þá stóru guðs velgörninga at sjá og þekkja, sem hann í té lætr sinni kristni (Gerh. Piiij₁).

téðr, (þ. af téa, tjá), *vist, udvist*: Vér þökkum yðr mykiliga fyrir allan góðvilja ok vinskáp oss jafnliga téðan (DN. 10, 41₄, $\frac{7}{3}$ [1341]).

teigaskifti, n., *Deling af Skovstrækninger*: Spurði Þórir Greip, hví hann bar þat vitni um teigaskiftit móti kirkjunni á Ónarheimi (DN. 10, 28₁, $\frac{4}{11}$ 1327).

teita (i), *glæde, fornøje; gjøre behagelig*: Gleði teitir þetta líf, grátr hryggvir þat (Hms. 1, 281₃₄).

teiti, f., *Glæde; Overflodighed* (?): at vitrir menn mætti þat at líkindum ráða, at hann mundi eigi alt saman hafa vilja, t. fjár ok mikla skuld (Hms. 2, 48₃₀).

tempran, f., (*temperatio*), *Beherskelse, Holden i Tømme*: Lýðrinn fær enga t. á gert sínum hugaræsingi (Hms. 2, 125₂₃). ok alt eins fær lýðrinn eigi t. inn leitt fyrir hugaræsingi (125₃₆).

tempranarfullr, a., *maadeholden*: svá var hann t. til þessarra greina, at (Hms. 2, 81₉).

Temps (el. Tems), f., *Themsen i England*: Þá lögðu þeir fyrst til Lundúna ok héldu skipahernum utan í Temps (Hkr. 224₁₀). Sjá (þeir) þá England, ok it bezta at komnir utan at ánni Tems, er fellr um Lundúnir (Fs. Suðrl. 88₂₁).

tænaðarmaðr, m., = tænaðarmaðr, *Hjælper, Understøtter*: meðalrennari ok t. hjá föðurnum (Corv. 2, 26₁₀).

ténan, f., = tænaðr, *Understøttelse*: bæn ok t. lífandi manna (Corv. 2, 139₁₃).

tendran, f., *Tændelse*: gefandi svá næring ok t. eldinum (Bs. 2, 177₂₀).

tengsla (a), = tengja, *knytte, forbinde, forene*: heldr er hann (dauðinn) svo sem einn hlekkur, sem saman tengslar þær eilífu eymðir við þær stundlegu (Gerh. Ffij₂₁₉).

texti, m., 1) *Haandskrift, Codex*: Heilagr faðir Anastasius átti einn texta með einvala bókfellum ok hinum bezta penna ritinn, þann er eigi var verri enn áttján aurar silfrs, þvíat

par var á alt hit forna lögmál ok it nýja (Hms. 2, 533₁₇). — 2) *Text, bibelsk Text*: so sem textinn hér segir (Summ. 1, Oiiij₂₀).

teyging, f., Fristelse, Tillokkelse: Látið öngva veraldliga tögung dvelja fýsi hugar ypvars (L. 56₂₇). sá andskoti týndi sigri sínum fyrir þann, er fyrirleit teygingar hans (Ps. 747₅). Adamr lét at tögungom þínom (760₁₄). þeir er of fast fylgja fjandans teygingum (Stj. 388₃₅). sá maðr, er sik heldr lítt frá líkamligri teyging (Hms. 2, 624₂₇). holdsins teygingar (639₁₃).

Tibr, f., = Tífr, Tiberfloden: Var kastat líki hans út á ána T. (Hms. 2, 231₃₆).

tíðagerðarhús, n., Bygning, hvori Gudstjeneste forrettes; Kirke, Synagoge: Kristnir menn höfðu upp brent t. Gyðinga (Hms. 1, 38₁₀).

tíðara, adv., comp. af títt, tiere, oftere: Gengr ek aldri t. þessa erindis (Cl. 16₆₄).

tíðasókn, f., Overværelse af el. Tilstedeværelse ved Gudstjenesten: Hann skal láta ráða skrá ok lýsa þann máldaga heima at kirkjoni um sinn á tólf mán-

öpum hverjum, þá er menn hafa t. þangat flestir (Grg. Kb. 1, 15₁₉ = Grg. Sb. 17₁₇).

tíðendafróðr, a., vel underrettet: Ekki hefir þú t. verit (ÍF. 1, 264₉).

tíðis, adv., paa Færde: Antipatr vissi, hvat t. var (Gyð. 85₇).

tíðka (a), bruge, benytte: þeir sem at tíðka þenna heim svo sem at tíðkuðu þeir hann eigi (1. Kor. 7₃₁). Vér höfum eigi tíðkat þessa makt (1. Kor. 9₁₂).

tíðkan, f., Brug, Benyttelse, Udværelse: þat vér stundum oss sjálfa innbyrðis með t. kærleiksins (Hebr. 10₂₄). t. frelsisins (Marg. Ccii₇). teiknanna t. (Corv. 1, 24b₆). vínsins t. (48b₅).

tíðláttr, a., lysten, begjærlig, ivrig: at furðu tíðlátir væri kaupmenn þessir til brottfarar með alt sitt (Hms. 2, 111₁₀).

tíðnefndr, p., titnævnt: meðr því skilorði, sem mér sám ok heyrðum handaband oftnemnds Erlends, Ingimundar ok Hólmfríðar tíðnemndra (DN. 4, 353₃₄, ²/₆ 1366).

tífaldr, a., tifoldig, tidobbelt: gerandi þar af þeirri tí-

faldri tölu hina ágætustu kórónu (Mar. 240₂₂).

Tífr (-rar), f., *Tiberfloden*:

Á þeirri típ es T. gekk ór farveg sínom í Rómaborg ok varþ nær jafnhó borgarveggjom (L. 99₁₄).

tíglsteinn, m., *Teglsten, Mursten*: Setjum tíglstein þenna millum okkar (Hms. 2, 583₄).

tígnarlíga, adv., *paa en ærefuld Maade*: Aldri var fyrr í því landi hjörtr svá sundr tekinn, né veiðimanna fang svá t. heim flutt (Trist. 36₂₄). var dróttning inn leidd sömilíga í höllina, ok svá t., sem henni sómði (85₁₂). t. klæddr, *pragftfuldt, elegant klædt* (85₁₅).

tígnarlígr, a., *anselig, majestætisk, pragftfuld, prægtig, herlig*: Hann fékk hennar þá með löglíguum hjúskap ok réttu vígslu, með miklum og tígnarlíguum fagnaði (Trist. 21₂₁). t. maðr (41₁₆). börn svá tígnarlígrar ættar (50₆). hinn tígnarlígasti konungr (84₂₀). t. búnaðr (85₁). með tígnarlígru þjónustu (115₁).

tígnarmót, n., 1) *Præg af Værdighed*: værdig, *majestætisk* *Prætræden*: Djöflar leiddu mállisín svá sem

með nökkuru tígnarmóti sem einn mikinn konung (Hms. 2, 376₇). — 2) *Værdighed, høj Stilling*: til tígnarmóts eða meistaraðemis (353₁₅).

tígnarsess, m., *Æressæde, Æresplads*: Ef þeir vilja réttlíga fá hans t., þá stundi þeir heldr á hógværi enn grimmeik (Hms. 2, 512₂₁).

tígnarpokki, m., *majestætiskt Udtryk*: Konungr sá mikinn tígnarpokka á yfirbragði hans (Hms. 1, 363₂₃).

tígulsteinn, m., = tíglsteinn: Gørum oss tígulsteina (I. Mós. 11₃).

tígurlígr, a., = tígulígr, *anseelig, berømmelig, prægtig*: til sömðar ok sælu ok tígurlegs upphafs (El. 10₇). tígurlegt landtjald (Þiðr. 189₂₇). Ek kom til þessa landtjalds ens tígurlega (196₇).

tígurlæti, n., *stolt Optræden*: Síðan gekk Afranius fyrir Julium ok stóð fyrir fótum honum, ok hélt öllu sínu t. ok yfirbragði (Pr. 360₂₇).

tíkrakki, m., *Tøvehund*: Varðviðr hana vesallíga skift. at hon vendist um í þenna tíkrakka (ÍÆ. 67₃₈).

tilbiðjandi, m., *Tilbeder*: Sá tími kemr, nær at sannir tilbiðjendr munu tilbiðja föðurinn (Jóh. 4,23). sannarligir guðs tilbiðjendr (Gerh. 3 - cv27).

tilblástr (-rar), m., *Tilblæsen, Paablæsen, Paaaanding; Indskydelse*: Skal því síðr þeim (draumunum) nökkurn trúnað veita, sem eigi lýsist auðveldliga, með hvílíkum tilblæstri þeir koma (Hms. 2, 87,34).

tilboð, n., *Tilbud, Opfordring*: Hann vissi, at í tilboðinu var synd, enn eigi í fœðunni (Hms. 2, 653,25).

tilburðr, (-ar), m., = atburðr. *Hændelse*: veröldin sé ekki vorðin, svo sem fyrir nökkurs konar tilburð (Marg. Tii,13).

tilbyrgja (i), *tillukke, lukke*: Með þessum orðum tilbyrgir Krístr nú þeira munna, sem opinberan sannleik höfðu lastat (Corv. 1, 96,26).

tildra (a), (tjald, *Forhæng*), *paahænge, paahæfte*: Hann tildraði upp á sig (*behængte, pyntede sig med*) fjöðrum þeim, sem ei áttu heima hjá honum (Bs. 2, 633,1).

tildirátt (-dráttar), m., *Anledning*: Var ok þessi t.

þeira meina, er síðar kómu yfir hans krúnu (ÍÆ. 16,111).

tilefni, n., 1) *Aarsig, Anledning*: Fyrir þat t. samankallaði eg yðr (Post. Gj. 28,20). Syndin tók t. af boðorðinu (Róm. 7,8). Er hann vorðinn öllum t. eilífrar sáluhjálpar (Hebr. 5,9). t. at sýta (Msp. A5,25). — 2) *Lejlighed*: Hann lét aldregi neinu sinni nökkurt t. hjá líða, svo þat hann kendi eigi (Corv. 2, 72b6).

tileigna (a), *tilregne, tilskrive*: þat hann þínunni, dauðanum ok hans blezaðri blóðs úthellingu tileignar syndanna fyrirgefning (Corv. 2, 3,20). Enn heimrinn tileignar réttlætið alleinasta verkunum (22,5).

tileinka (a), 1) *forberede, indrette*: Eg vil tileinka yðr ríki, svo sem minn faðir hefir mér þat tileinkat (Lúk. 22,29). — 2) *fremhæve (særlig), nævne*: Þar eru sérdeilis tveir menn tileinkaðir: annarr frá Bjarnarnesi; hann hét Teitr; enn annarr frá Möðruvöllum, Þorvarðr Loftsson (Safn. 1, 34,23). Tileinkaðr, *særskilt, særlig*: og svo ábótum og útbúa ráðs-

mönnum gaf hann og til-einkaðar gjafir (61₄).

tilfangadagr, m., = atfangadagr, *Forberedelses Dag, Dagen för en Festdag*: enn af því at t. Gyðinga var, . . . þá báðu þeir Pilatum, at þeira bein brytust ok í burt tækjust (Jóh. 19₃₁).

tilferð, f., *Adgang*: Þess í meðal bannar sjórinna alla t. (Hms. 1, 711₄).

tilfinnanligr, a., (*sentiens*) *som har Følelse*: So sem það sálin görir líkamann lífandi, tilfinnanligan og hræranligan, eins líka görir heilagr andi manna inn andliga lífandi (Gerh. Ovj2₁₉).

tilfinning, f., *Følelse*: Þeir hinu fordæmðu kveljast hið ytra af tilfinningu píslanna (Gerh. Ll. 2₅).

tilfýsiligr, a., *tiltrækkende, tillokkende, behagelig*: staddir míþil tilfýsiligra hluta (H. 208₈). Guþ setr hjá (mönnom) tilfýselega hlute ok býþr, at eigi skyldu til girnask (208₁₂). inn tilfýsiligsti ilmr (Hms. 1, 355₈).

tilganga, f., *Adgang*: fyri hvern at vér höfum ok tilgöngu í trúnni til þessara náðar (Róm. 5₂).

tilgangr, m., 1) *Omstændighed, Anledning*: Þenna bónda finnr hann ok segir honum tilgang ok biðr hann meðtaka fénu (ÍÆ. 93₁₀). Var þat t., að Lanfrancus ábóti var tíma síðar Contuariensis erki-byskup (95₁₅₂).—2) *Hensigt*: Því er nú þá þessi t. guðs, vors himneska föðurs, þegar hann niðr kefr og niðr slækr í vorum hjörtum elsku til þessa heims með krossi og mótgangi, að hann vill þar skule rúm gefast sinni elsku (Gerh. Ddvij₆).

tilgreiðsla, f., *Udredelse*: Menn væntu tilgreiðslu um féit (Fb. 3, 448₁₄).

tilgreina (i), *nævne, navngive, anføre, fremhæve*: Þessa þrjá bæi þá tilgreindi hann, það engin sótt hefði komið (Safn. 1, 43₉₉). Var þar tilgreindr einn af þessum (44₇). Þar eru sérdeilis fjórir tilgreindir, sem að framgjarnastir vóru (70₁₀). þvíat svo verðr tilgreint, þat fimm þúsundir manna hafi saddar verit (Corv. 1, 98₁₉).

tilgørningr, m., *Bevirkelse af, Aarsag til*: Dramban ok ørvæntan er t. tjóns ok tapanar (Hms. 2, 364₁₁).

tilheimting, f., *Tilskyndelse, Opfordring, Ansproelse*: Prófi maðr sjálfan sik ok gangi svá til, enn eigi eftir váveifligu hugarins ákasti, heldr skoði sem vandligast tilheimtingarnar, hvart af guði gerast (Hms. 2, 628₄).

tilheyrandi, m., 1) = heyrandi, *Hører*: Verið og einnin gørendr orðsins, enn eigi alleinasta tilheyrendr (Jak. 1,22). — 2) *Tilhører*: Farið burt frá mér þér bølvaðir kennifeðr og tilheyrendr (ÓS. 226₂).

tilheyrari, m., *Hører*: ef einhverr er orðsins t. (Jak. 1,23).

tilheyriliga, adv., *tilbørlig*: at guð veiti mér ósnjöllum þá miskunn at ek skrifi t. (Hms. 2, 52₉). meðtaka guðs sacramentum t. (Corv. 1, 115₂₂).

tilheyriligr, a., 1) *henhørende til, vedkommende, magtpaaliggende*: Enga hluti vanrækti hann, heldr lét hann sér tilheyriligt alt þat, er lögmálit býðr (Hms. 2, 84₁₄). — 2) *værdig*: Vér dæmum yðr sannan byskup, sæmðum tilheyriligan (Bs. 2, 99₆).

tilhjálpandi, m., *Tilhjælper, Hjælper, Befordrer*: heldr

erum vér tilhjálpendr yðvars fagnaðar (2. Kor. 1,24).

tilhlakkan, f., *den Glæde som man føler ved Tanken om et tilkommende Gode*: t. til óendanligrar eilífðar í minninu (Gerh. II₃).

tilhlaup, n., *Tilløb, Løb*: því er þat eigi komit undir nökkurs vilja eðr tilhlaupi (Róm. 9,16).

tilhneiging, f., 1) *Tilbøjelighed, Drift*: Lögmálit kreft einnig hjartans með þess tilhneigingum (Corv. 2, 103₁₆). Allar vorar girndir, tilhneigingar og alt vort hugarfar mun samhljóða verða guðs vilja (ÓS. 316₃). — 2) *Lidenskab*: Hatr, hefndarbræði, lostagirndir; þetta eru þær vondar tilhneigingar, sem ekki geta leynt sér (Summ. 1, Diiij₇).

tilhneigjanligr, a., *tilbøjelig, gunstig stemt for*: at hann skyldi þá því orðinu þess tilhneigjanligri vera (Corv. 2, 146₂₉). tilhneigjanligt hjartalag til bœnarinnar (Gerh. Ov₆).

tilhugsun, f., *Tænken paa*; t. e-s hlutar, *Tanken om noget*: Þeir hinir forðæmðu munu meir og

framar kveljast hið innra af t. óþrjótanligleika kvalanna (Gerh. Ll₂₃).

tilhæfligr, a., *skikket, dygtig*: þeim sem tilhæfligir eru at læra aðra (2. Tím. 2₂).

tilkippiligr, a., *tittrækkende*: þó at þér þykki ek ekki t. at liggja hjá þér (S. þög. 88₂₈).

tilknúinn, p. (*af knýja til; jf. ákveðinn af kveða á*) = tilkníðr, tilknúðr, *tílskyndet, bevæget*: Af þesse nauðsyn allri samt t. fórnfærði ek sjálfr dróttni (Stj. 450₃₃).

tilkomandi, p., 1) *tilkommende*: (*futurus*): nærverendr ok tilkomendr [*praesentes et futuri*] (Hms. 1, 536₂₆). — 2) *fremmed*: Þessi sami var hans háttr við alla t. menn (2, 401₁₉).

tilkomandi, m., (*advena*), *Fremmed*: Nú at liðnum átta dögum sýktist tilkomandinn (ÍÆ. 51₁₁). hvort hann er heldr t. eðr innbyggjari í landinu (2. Mós. 12₁₉).

tilkominn, p., *fremmed*: Inn tilkomni bróðir svarar honum (Hms. 2, 506₆). Hinn tilkomni leiddi hann í einn stað (548₁).

tilkomulitill, a., *ringe, ubetydelig*: hvar fyrir hun (sálin) kann ekki hvíld og

rósemð að fá í hjá þvílíkum tilkomulitlum og lítilsverðum hlutum (Gerh. Yij₂₄). Hvað t. er maðrinn, þá hann fœðist í heiminn? (Zv₂₁₉).

tillaðan, f., *Tílskyndelse; Indskydelse*: Hann kom af andans t. í musterit (Lúk. 2₂₇). Sjá þú, þat Símon af heilags anda t. kemr í musterit (Corv. 1, 30₂₆).

tillag, n., *Tilliggende, tiliggende Ejendom*: Nú gef ek Róaldi fóstrföður mínum þessa borg með öllum hennar tillögum (Trist. 48₃).

tillagagóðr, a., *som plejer at lægge godt Ord ind for en* (leggja gott til): Hon er kona gæf, tillagagóð ok lyndishæg (ÍÆ. 85₆₃).

tillagast (a), *slutte sig til*: Sumir tillöguðust orðinu, ef þat krefði eigi svo frekt fyrirliþning allra hluta (Corv. 1, 72b₉).

tilleiða (i), *fremføre, anføre*: Fyrst þá tilleiðir hann sín skilríki (Corv. 1, 92₂).

tilleitni, f., *Anslag*: Þvílíkr kyndugskapr ok t. er at sönnu flærðarfull ok djöfullig (Corv. 2, 154₁₇).

tillíking, f., *Lignelse, Parabel*: Í þessari t. verðr í fyrstu haldinn hvorr í móti öðrum,

einn góðr hirðir ok leigumaðrinn (Corv. 2, 13₁₆). tillíkingin af konunni, þeirri sem barnit skal fæða (17₂₇).

tillit, n., 1) *Seen hen til, Seen paa, Öjekast, Blik*: Hann stöðvaði sitjandi grimmeik hertogans ok leysti bönd af þorpkarlinum í tilliti síno (L. 117₁₃). það náðarfulla t. dróttins (Eint. 114₁₁). — 2) *Hensyn, Agtelse*: Undrumst ek þat, er þér ætlið ófróðan mann, fiskimann hinn lygnasta, nökkurs tillits verðan (Ps. 94₁₇).

tillægi, n., = tillag, *Tilligende*: með öllum þeim lunnyndum ok tillægjom, sem þar hafa til legit frá forno ok nýu (DN. 10, 47₈, ³/₄ 1346).

tilmæli, n., *Anraabelse*: Þeir tóku á at minnast með enu djarfasta t. miskunnarinnar, hversu mjök þessi enn dauði hafði hana (Mariam Magdalenam) elskat (Hms. 1, 551₂₁).

tilreiða (i), *berede, tilberede*: Hann flýtti sér og tilreiddi hann (1. Mós. 18₇). ekki að þú vildir fyrir vatnið sjálfan þig helga eða hreinsa, heldr að vatnið

yrði fyrir þig tilreiðt og helgað (Msp. Cc₃₇).

tilsagning, f., = tilsaga, tilsögn, *Anvisning, Vejledning*: at þeir, sem eigi sá þá í líkamanum, nemandi þeira algert líf, laðist lesandi af tilsagningu lesningar (*lectionis indicio*) til eftirlíkingar heilags verks (Hms. 2, 340₁).

tilsetning, f., *Forauledning, Foranstaltning*: Hann var svikinn með ráðum Hákonar ok tilsetningu Haralds Gormssonar (Fsk. 35₂).

tilsettr, p., 1) *tilsat*: Göfugligr faðir himnanna skipaði enga hluti án lækningu tilsettri (Hms. 2, 61₁). — 2) *fastsat, bestemt*: Tak fæðu á tilsettum tíma, at þú hafir afl þitt ok styrk þar af (646₂₄).

tilsjónarmaðr, m., *Tilsynsmand*: Byskupi byrjar að vera óstraffanlegum sem guðs tilsjónarmanni (Tit. 1,7).

tilskipaðr, p., *anordnet, foreskrevet, bestemt*: með tilskipuðum hætti (Thóm. 115₂₀. L. 187₁₁). með fríðri fylgð ok tilskipuðu föruneyti (Hms. 1, 700₃₇).

tilskipan, f., 1) *Anordning*,

Bestemmelse, Foranstaltning: Hann kvaðst ok vænta, at meira mundir þú virða sending hans ok t., enn tilverknað minn (Fr. 10₂). Tóku nú at dá harðla mjök dróttins t. (Hms. 2, 520_{1,1}). — 2) *Maade, Omstændigheder*: Hon leitaði þá eftir, með hverri t. þetta mundi verða, þar sem hon hafði því heitit í hjarta sínu, at kenna eigi karlmanns (Ps. 856_{1,1}).

tilskyldaðr, p., *nødt, nødsaget, dreven, bevæget til*: tilskyldaðir fyrir ýmisliga nauðsyn (Hms. 1, 88_{2,7}). tilskyldaðir af nökkuru öðru vanmegni (94_{2,0}). tilskyldaðir af dróttinligu valdi (100_{2,0}). svá tilskyldaðr eða nær nauðgaðr (141₁).

tilskyldast (a el. i), *skyldes*: gegn þeim sjálfbirgingum, sem þat halda, at sáluhjálpin hun tilskyldist vorum verkum (Corv. 2,8b_{2,0}).

tilsókn, f., 1) *Søgning, Tilstrømning*: Sakir því líks ófriðar gefst upp fullkomliga t. borgarinnar (Mar. 454_{2,0}). — 2) *Besøg*: at vegsama sælan Nicholaum bæði með t. ok sœmiligu offri (Hms. 2, 146_{2,3}). — 3) *Angreb*: Enda man

yður t. litit stoða, þar sem hann veitir vörn, enn ek mótistöðu (1, 470_{2,1}).

tilstaða, f., *Omstændigheder, Anledning*: T. hans snúníngar var með þessum hætti. (Hms. 2, 479₆). Skilr hann með sinni speki, at af leyndri tilstöðu reis svá undarligt mál (ÍÆ. 92_{1,0,2}).

tilstilli, f., *Foranstaltning*: Skal honum batna höfuðverkjarins, er hann hefir fengit af minni t. (S. þög. 19_{1,0}).

tilstillingarmaðr, m., 1) *Foranstalter*. — 2) *Tilskynder*: sem óvinrinn ok hennar t. hafa þat ráð um gørt (ÍÆ. 93₈).

tilstofnan, f., *Foranledning, Skyld*: Var þetta ok mjök af t. Hallmundar (Grett. 1756, 138b_{2,8}). *Ordformen tilstofning, som staar i den nye Udgave 146₂, er anomal*. út af vorum völdum ok t. (Marg. Gg. 2_{1,4}).

tilstýring, f., *Anvisning*: Ok er hann hefir signt sik með t. virðuligs Nicholai, ferr óhreinn andi í brott af honum (Hms. 2, 94_{3,5}).

tilstyrking, f., *Hjælp, Bistand*: fyrir t. Jesu Christi anda (Filipp. 1,19).

tilstyrkr, m., = *tilstyrking*: fyrir tilstyrk yðrar (= yðvarrar) fyrirbónar (2. Kor. 1, 11).

tilsýn, f., *Seen hen til, Beskuelse*: Hér af má marka, hversu varúðliga vér eigum at forðast kvennanna félagskap eða bliðmæli eða saurugliga t. (Hms. 2, 639₆).

tilsýnis, adv., *af Udsecnde, at see til*: Þat var svá t., ef sól skein á, sem tveir ormar bitist í eldi (Ps. Suðrl. 154₃₃).

tilsækir, m., *Tilrejsende, Besøger*: Hann er ok t. Vágaskers ok Singasteins (SÉ. 1, 264₂₀, 2, 311₂₁).

tilsækjandi, p., *søgende hen til, tilstrømmende*: mikill fjöldi t. manna (Hms. 1, 84₆). at eftir torsóttan veg væri styrkðir t. bræðr með þessi huggan (85₂₇).

tiltekinn, p., 1) (*assumptus antaget*): Enn svá sem dróttinn kom at vera með móður sinni at luktum kviði ok óbrugðnum liðum, svá skilðist hann ok við hana eftir þeim líkindum at manndómseðli tilteknu (Mar. 28₁₃). — 2) *bestemt*: Kvenna kom þar engi í sýn við hann, enn karlmenn sjaldan, ok

á tilteknum vísnum tímum (Hms. 2, 340₁₅).

tilteygiligr, a., *tiltrækkende, ønskeværdig*: Erum vér menn litlir ok auðgætligr, ekki með oss hafandi, þat er tilteygiligt sé eða nökkurra dáinda vert (Hms. 2, 349₁₀).

tilteyging, f., *Tillokkelse, Fristelse*: Honum þikkir þat líkligt, at fyrir of mikla t. líkamans muni bræðr vanrækja geyslo hjartans (Mar. 185₁₅). af sviksamligri óvínarins t. (Hms. 2, 87₉). Syndsamligrar tilteygingar vil eg forðast (Eint. 90₁₁).

tiltæmandist, p. refl., *hængivende sig til (vacans)*: enn hann sjálfr fyrir innan t. einum saman guði létti eigi dag né nátt af bæninni (Hms. 2, 311₁).

tilverkan, f., *Medvirkning*: með t. heilags anda (Marg. I.iiij₁₃).

tilvitjan, f., *Besøg*: Kviðjað skal yðr vera mín t. ok innkvoma (Hms. 1, 470₂₇).

tilætlan, f., *Bestemmelse*: Hvatki er várr breyskleikr þolir af hans t., öllu skipar hann því oss til gagns (Hms. 1, 469₈).

tímanliga, adv., = timaliga, *tidlig*: Er nú svá sett

- ráðit, at hann skal ganga t. af veizlunni (Cl. 12₆₂). Þeir stóðu t. upp (1. Sam. 9₂₆).
- tímanligr**, a., = tímaligr, *tímelig*: Guðs orð og hans kynning skaltu meir akta enn tímanliga hluti (Summ. 1, F₁₁). Býttu út þínum tímanligum auðæfum (Gerh. Þvii₈).
- timbrstokkr**, m., *Tømmerstok*: ormar tveir langir ok digrir sem timbrstokkar (Fs. Suðrl. 119₃₁).
- tímulauss**, a., *karrig*: Í öðru lagi (vóru þau) svá tímulaus, at þau máttu aldregi verðskylda góða þjónustu af nökkurum (Hms. 2, 110₁₇). Um tímlausan óþokka eru misjafnar ræður (Eint. 21₃).
- tínsmiðr**, m., *Tinstøber*: Magnús Gvöndsson var t. góðr (Bs. 2, 611₅).
- titlingr**, m., *Spurv*: Eigi týnist einn t. utan þitt ráð (Hms. 2, 191₂₈). Önd ór er svá sem t., er sprettr ór snöro veiðimanna (218₃).
- titra** (a), *sitre*: Dróttinn Jesus, sem hræðiliga titrað og skolfið hefir undir grimðarreiði þíns föðurs (Eint. 83b₈). Í millum hans handa er eg skjálfi-
- andi og titrandi (Gerh. Dvj₂₈).
- titran**, f., *Sitren, Bøven, Gysen*: af stórri hrygð, angist, skjálfta ok t. (Summ. 1, Mij₂₁₄). Hvað hræðilig var þín t. og þín angist? (Eint. 75₃).
- tittr**, m., *Tap*: Hver fjöl skal hafa tvo titta (2. Mós. 26₁₇).
- tiunda** (a), *decimere*: Er hans tiundat / tálaukit kyn (Merl. 2, 48₃).
- tiundargjöf** (-gjafar), f., *Gave bestaende af den tiende Del af ens Ejendom*: Hústrú Solveig gaf launbörnum sínum fjórðungsgjöf og t. úr sínum peningum (Bs. 2, 689₁₇).
- tjá** (tjáða), *fremstille, udvikle*: þá er hinn helgi Copres tjáði slíka hluti (Hms. 2, 420₁).
- tjaldvefnaðr**, m., *Teltvævning, Teltmageri*: Þeira handverk var t. (Post. Gj. 18₃).
- tjaldpak**, n., *Telttag, Telt-dække*: enn guðsörk býr undir tjaldpaki (2. Sam. 7₂).
- tjón**, f., *Undergang*: Til þess stundar hugr minn at kenna þér, hversu mikinn elskuga þinn unnasti hefir haft við þig, í þinni t. þig

- at frelsa (Hms. 1, 462₂₁). draga andirnar frá t. ok tapan (2, 113₃).
- tjúgleðr** (-rs), n., (*jf. holl. teugel, t. zügel, Töjle*: Svelgjandi eldr mun ríkja hvervetna um þessa veröld at slitnum tjúgleðrum (L. 191₂₅).
- togun**, f., *Mulighed for at erholde en Indrømmelse*: Sem kongr sér, at engi er t. á, segir hann svá (ÍÆ. 78₁₆₈).
- tólagerð**, f., *Forfærdigelse af Redskaber*: með alls konar tólagerðum (Hms. 1, 342₁).
- tólfháttaðr**, a., = tólfaldr, *tolvfold, tolvdobbel*: þat bar tólfháttaðan ávöxt (Opinb. Jóh. 22,2).
- tollari**, m., *Tolder*: Sá var auðigr maðr ok t. (Hms. 2, 36₄).
- tollbúð**, f., *Toldbod*: Hann sá þann tollheimtumann, er Leuis var at nafni, sitja í tollbúðinni (Lúk. 5,27).
- tollheimtari**, m., *Tolder*: manngrein þess hræsnarans, sem með þeim bersyngum tollheimtara kom í mustarit (Corv. 2, 102₁₂). hver eð var einn t. og berliga syngur maðr (Summ. 1, Gij₂₁).
- tollheimtumaðr**, m., *Tolder*: Tollheimtumenn kómu ok til hans (Lúk. 3,12).
- tolltektamaðr**, m., *Tolder*: Því (= hvi) etið þér ok drekkið með tolltekta-mönnum? (Lúk. 5,30).
- torbreytiligr**, a., *vanskelig*: Sá var hans háttr, þótt ábóti Paulus byði honum mjök torbreytiliga hluti, at hvárki heyrði af honum mögl né mótmæli (Hms. 2, 529₂).
- tordýfill**, m., *Skarnbasse*: Þat er t., ok er nú margt til týnt, er tordýflar eru ríkra manna spurningar (NS. 1, 243₂₂).
- torkenna** (i), *gjøre ukjendelig*: Skal ek torkenna okkr svá, at vit skulum eigi kendir verða (S. þög. 76₁₅).
- torkenniligr**, a., *vanskelig at gjenkjende, ukjendelig*: Min ásjóna er torkenniligr af hrygð (Eint. 171₄).
- torkynna** (i), *gjøre ukjendelig*: t. sik sem mest um klæðabúnað (Trist. 187₂₆).
- torkynnigr**, a., = torkenniligr: allr svá t., at engi maðr kendi hann (Trist. 126₆).
- tornæmi**, n. (?), *Tungnemhed*: skilningsleysi ok t. (Corv. 2, 28b₂₄).
- tornæmr**, a., *tungnem*: og

- þó hann væri t., var hann þó skarpvitr og skilningsgóðr (Bs. 2, 690₁₆).
- torsveigðr**, p., *vanskelig at böjje*: Þér hafið harðan ok torsveigðan háls (Hms. 2, 296₁₅).
- tortaliðr**, p., *vanskelig at tælle, utallig*: Tortaldir drógust aftr ór sjálfu syndadjúpinu (Hms. 2, 36₄₃).
- tortíming**, f., *Fordærvælse, Undergang*: enn ek frem hverja stund manndráp ok t. sjálfum mér (Hms. 2, 60₃₁₅).
